



Endurskoðun innkaupareglna

Á árinu 2019 fór fram endurskoðun á innkaupareglum og innkaupastefnu Ísafjarðarbæjar, en reglurnar byggja að miklu leyti á fyrirmynd innkaupareglna Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem sendar voru sveitarfélaginu 6. apríl 2019.

Á 1064. fundi bæjarráðs, þann 3. júní 2019, voru drög að endurskoðaðri stefnu og reglum lagðar fram. Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja innkaupastefnuna og innkaupareglurnar.

Málið var ekki lagt fyrir bæjarstjórn, en í millitíðinni hafa fyrrnefnd drög verið endurskoðuð og yfirfarin.

Þau eru nú lögð fyrir bæjarráð til samþykktar.